

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upplýsingar um skóla þar sem mygla og rakavandamál hafa komið upp 2018-2022

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 21. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir leik- og grunnskólum um hvar mygla og rakavandamál hafa komið upp frá árinu 2018 - nóvember 2022. Þá er óskað sérstaklega eftir upplýsingum um hvaða leik- og grunnskólum hefur þurft eða þarf að loka meðan framkvæmdir standa yfir. Þá er óskað upplýsinga um hvað slíkt rask snertir marga nemendur.

Svar:

Grunnskólar

Álftamýrarskóli

Mótvægisáðgerðir vegna rakaskemmda klárast í sumar. Víkingsheimili hefur verið hagnýtt sem bráðabirgðahúsnæði meðan framkvæmt hefur verið í skólstofum.

Borgaskóli (Frístundaheimilið Hvergiland)

Rakaskemmt og myglað byggingarefni fjarlæggt og endurnýjað eftir lokun lekaleiða. Mótvægisáðgerðum er lokið en er áfram í eftirfylgd. Ekki hefur greinst mygla né fundist raki innan skólans sjálfs – einungis í þeim hluta sem frístundaheimilið nýtir.

Brúarskóli – Dalbraut 12

Aðgerðum lokið. Eitt hús af þremur er lokað en starfsemin rúmast áfram í hinum tveimur húsunum.

Fellaskóli

Greinst hefur mygla í einu efnissýni eftir skólaslit þessa skólaárs. Nánari úttekt stendur yfir.

Foldaskóli

Mótvægisáðgerðir hafa staðið yfir í vetur en almennt ekki kallað á tilfærslu starfsemi úr skóla. Verða gerðar fleiri úttektir í sumar samhliða hefðbundnu viðhaldi.

Fossvogsskóli

Starfsemi er hafin í tveimur af þremur álmum skólans. Einnig eru færanlegar einingar fyrir almenna kennslu, frístundaheimili og stjórnun við lóð skólans. Áætlað að þriðja álma skólans verði tekin í gagnið í ágúst 2024. Húsnæði skólans hefur á tímabilum verið lokað og starfsemi skólans m.a. farið fram í Korpuskóla og húsnæði Hjalpræðishersins en er nú öll á lóð Fossvogsskóla.



Hagaskóli

Gagngerar endurbætur og endurbygging standa yfir á húsnæði skólans vegna rakaskemmda. Færanlegar stofur á lóð skólans eru í uppsetningu sem stendur og verður öll kennsla skólans innan lóðar frá og með næsta skólaári. Á framkvæmdatíma hafa Ármúli 28-30, Korpuskóli og Neskirkja verið hagnýtt sem bráðabirgðahúsnæði. Samtals voru um 380 börn sem þurftu að flytja annað.

Hólabrekkuskóli

Mótvægisáðgerðir hafa staðið yfir í vetur. Búið er að undirbúa ítarlega og viðamikla endurnýjun í skólanum sem kallar á flutning á hluta af starfsemi skólans. Korpuskóli kemur til með að hýsa unglinga- og miðstig skólans frá og með næsta skólavetri, 6.-10. bekk, um 240 nemendur.

Hvassaleitisskóli

Mótvægisáðgerðum vegna rakaskemmda lokið. Verið að vinna að talsverðum endurbótum en kallar ekki á tilfærslur starfsemi úr skóla.

Ísaksskóli

Mótvægisáðgerðir vegna rakaskemmda langt komnar og verður lokið fyrir skólasetningu. Framkvæmdirnar hafa ekki kallað á flutning nemenda úr skólanum.

Langholtsskóli

Verið að sinna endurnýjun í C-álmum skólans vegna rakaskemmda. Færanleg hús á lóð einnig tekin til framkvæmda þó ekki hafi þar greinst rakavandamál. Hvorutveggja C-álmum og færanlegu húsum lokað út árið meðan framkvæmdir standa yfir. Bráðabirgðahúsnæði við Ármúla 28-30 hagnýtt fyrir 9. og 10. bekk meðan framkvæmdir standa yfir, um 170 börn.

Laugalækjarskóli

Mótvægisáðgerðum lokið en er í eftirfylgd og í hefðbundnum viðhaldsaðgerðum. Húsnæði KSÍ fékkst sem bráðabirgðahúsnæði á meðan á mótvægisáðgerðum stóð.

Laugarnesskóli

Framkvæmdir og mótvægisáðgerðir vegna rakaskemmda hafa staðið yfir síðan 2020 en ljóst er að skólinn þarfnast viðamikillar endurnýjunar. Vegna mótvægisáðgerða hafa um 80 nemendur fengið aðstöðu í húsnæði KSÍ. Heildarendurnýjun á elstu hlutum skólans mun kalla á umtalsverða tilfærslu nemenda. Stefnt er að því að koma upp bráðabirgðahúsnæði á lóð skólans meðan endurbætur standa yfir.

Melaskóli

Ítarleg greining í lok árs 2022 leiddi í ljós að ráðast þarf í viðamiklar endurbætur á húsnæðinu og að þar sé myglu að finna. Rakaástand eldri byggingar Melaskóla er í takti við aldur og viðhaldssögu. Samhliða fjarlægingu rakaskemmds byggingarefnis verður farið í töluverðar endurbætur. Samdóma álit allra hlutaðeigandi er að bíða með mótvægisáðgerðir til skólaslita. Þær áðgerðir verða til bráðabirgða þangað til hægt er að ráðast í umfangsmeiri endurnýjun vorið 2024. Þær framkvæmdir munu kalla á tilfærslu nemenda. Tilfærslur hafa ekki verið útfærðar.

Norðlingaskóli

Mótvægis- og bráðabirgðaaðgerðir vegna leka og rakaskemmda hafa staðið yfir í vetur og munu standa yfir með vetrinum. Samhliða þeim er verið að útbúa útboðsgögn vegna umfangsmeiri varanlega framkvæmda og endurnýjunar. Stefnt er á að hefja þær framkvæmdir vorið 2024. Starfsemi hefur verið hliðrað til innanhúss.



Rimaskóli

Mótvægisáðgerðir hafa staðið yfir í vetur og er lokið. Við tekur hefðbundið viðhald og endurnýjun utanhúss sem þegar verkið hefur verið boðið út. Tilfærslur á starfsemi hafa verið leystar innanhúss.

Seljaskóli

Mótvægisáðgerðir hafa staðið yfir í einni stofu skólans frá skólaslitum. Áætluð verklok í sumar.

Tjarnarskóli

Mygla fannst á nokkrum stöðum snemma á þessu ári. Samdóma álit hlutaðeigandi að bíða með mótvægisáðgerðir til skólaslita. Verklok á mótvægisáðgerðum fyrir skólasetningu í haust en samhliða þeim fer fram hefðbundið viðhald og endurnýjun.

Vesturbæjarskóli

Mótvægisáðgerðir vegna rakaskemmda og myglu eru hafnar og áætlað að ljúki fyrir skólasetningu í haust. Verið er að undirbúa þakskipti vorið 2024 sem kalla mun á tilfærslu á starfi haustið 2024.

Vogaskóli

Framkvæmdir vegna raka og myglu í nýrri byggingu skólans hafa staðið yfir síðan í vetur ásamt mótvægisáðgerðum vegna sömu vandamála í eldri hluta skólans. Áætlað er að klára mótvægisáðgerðir í eldri hluta fyrir skólasetningu í haust en framkvæmdir, endurnýjun, hönnun og greining heldur áfram næstu misseri. Ármúli 28-30 og húsnæði Hjálpræðishersins hefur verið nýtt sem bráðabirgðahúsnæði en áætlað er að öll starfsemi verði innan skólans frá og með næsta skólaári. Í heildina þurfti að færa um 150 börn til tímabundið.

Leikskólar

Austurborg

Mótvægisáðgerðum lokið, tilfærslur á starfsemi leystar innanhúss. Er í eftirfylgd.

Árborg

Ástand hússins m.t.t. til raka, myglu og endurnýjunarþarfar á þann veg að húsið hefur verið tekið til heildarendurnýjunar. Öll starfsemi leikskólans hefur verið færð í Selásskóla. Um 57 börn eru í leikskólanum

Borg (Arnarborg)

Mótvægisáðgerðum er lokið, tilfærslur á starfsemi leystar innanhúss. Er í eftirfylgd.

Borg (Fálkaborg)

Mótvægisáðgerðum vegna myglu í einu efnissýni er lokið. Tilfærslur á verktíma leystar innanhúss.

Fífuborg

Mótvægisáðgerðum er lokið sem ekki kölluðu á tilfærslur starfsemi úr húsi. Við taka hefðbundin viðhalds- og endurnýjunarverkefni.

Furuskógur (Furuborg)

Framkvæmdum vegna innivistar lokið og starfsemin komin að fullu í húsnæði leikskólans. Starfsemi sem var í Álandi fluttist öll í Safamýri 5 á meðan framkvæmdir stóðu yfir, samtals 56 börn. Verkefnið áfram í eftirfylgd.



Garðaborg

Ástand hússins m.t.t. til raka, myglu og endurnýjunarþarfar á þann veg að húsið hefur verið tekið til heildarendurnýjunar. Öll starfsemi leikskólans hefur verið færð í Gömlu Brákarborg, um 48 börn.

Grandaborg

Umtalsverð viðhalds- og endurnýjunarvinna framundan í kjölfar mikillar hönnunarvinnu. Starfsemi hefur verið færð í Ævintýraborg Eggertsgötu, Ævintýraborg við Nauthólsveg, Kringluna 1, Hagaborg og Gullborg, um 75 börn.

Hálsaskógur (Borg)

Ástand hússins m.t.t. til raka, myglu og endurnýjunarþarfar á þann veg að húsið hefur verið tekið til heildarendurnýjunar. Öll starfsemi leikskólans hefur verið færð í Ævintýraborg Vogabyggð, um 50 börn.

Heiðarborg

Mótvægisáðgerðum er lokið, tilfærslur á starfsemi leystar innanhúss. Er í eftirfylgd.

Hlíð (Hlíðarborg)

Mótvægisáðgerðum er lokið og hönnun vegna heildarendurnýjunar langt komin. Verður áfram í eftirfylgd þangað til hafist verður handa við endurnýjun.

Hlíð (Sólhlíð)

Í viðamikilli endurnýjun og viðgerðum. Kennsla flutt í Safamýri 5 og í kjölfarið í Ævintýraborg við Nauthólsveg, samtals voru 75 börn í þessu húsi þegar því var lokað.

Kvistaborg

Í heildarendurgerð. Nemendur í Safamýri fyrst um sinn og svo í gámum á lóð skólans. Um 50 börn flutt til.

Langholt

Mótvægisáðgerðir eru í gangi og reiknað með að þeim ljúki fyrir haustið. Verður áfram í eftirfylgd. Ekki verið þörf á að færa starfsemi úr húsi.

Laugasól efra hús

Mótvægisáðgerðum er lokið og hafist handa við mikla endurnýjun og breytingar í sumar. Starfsemi flyst í Safamýri á meðan framkvæmdum stendur.

Laugasól neðra hús

Mótvægisáðgerðum er lokið en áfram í eftirfylgd þangað til hægt er taka húsið til heildarendurnýjunar. Þær framkvæmdir munu kalla á flutning starfsemi úr húsinu.

Maríuborg

Mótvægisáðgerðum og eftirfylgd er lokið. Elstu börn voru með aðstöðu í Ingunnarskóla á meðan framkvæmdum stóð, um 22 börn.

Nóaborg

Mótvægisáðgerðum og endurnýjun er lokið. Er áfram í eftirfylgd.

Sunnuás

Verður tekið til heildarendurnýjunar. Starfsemi færð í Kringluna 1, í upphafi 130 börn en eru um 100 nú. Hönnunarvinna er langt á veg komin. Sett verður upp Ævintýraborg á lóð skólans sem tekin verður í gagnið fyrir nemendur Sunnuáss á haustmánuðum.



Reykjavíkurborg

Sunnufold (Logi)

Mótvægisaðgerðum og eftirfylgd er lokið. Framkvæmdirnar kölluðu ekki á tilfærslur á starfsemi úr húsi.

Vesturborg

Skálahúsi lokað og nú eru 24 börnum færri í leikskólanum. Verður tekið til heildarendurnýjunar sem kalla mun á flutning á starfsemi úr húsi.

Ösp

Mótvægisaðgerðir eru í gangi. Hafa ekki kallað á tilfærslur á starfsemi úr húsi hingað til. Verið er að greina húsið betur.